

## 2. gr.

1. málsgr. 73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu kr. 36 000, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfufurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1980.

*Gjört í Reykjavík 22. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála,  
sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 23 6. maí 1976, breytist sem hér segir:

- Í stað „kr. 30 000.00“ í 2. tölul. 1. málsgr. komi: 500 000 krónum.
- Í stað „kr. 60 000.00“ í 2. málsgr. komi: 300 000 króna.
- Við 2. málsgr. bætist: Nú hefur slíkt brot upptöku eignar í för með sér og má þá með sama hætti ákveða eignaupptöku, enda fari verðmæti ekki fram úr 100 000 krónum.
- Í stað „kr. 7 000.00“ í 3. málsgr. komi: 30 000 króna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*